

Skýrsla stjórnar á aðalfundi, 30. maí 2008

Hörður Sigurgestsson

Góðir fundarmenn!

Ég leyfi mér að setja aðalfund Landskerfis bókasafna fyrir árið 2008 og býð ykkur velkomin til þessa aðalfundar.

Ég legg til að Pétur Guðmundarson hrl. verði kjörinn fundarstjóri. Ef ekki eru aðrar tillögur, þá er hann réttkjörinn og tekur við stjórn fundarins.

Skýrsla stjórnar

Landskerfi bókasafna hf. var stofnað í nóvember 2001. Þetta er sjöundi aðalfundur félagsins, en síðasti aðalfundur var haldinn 14. maí 2007. Rekstur félagsins er samstarfsverkefni ríkisins og sveitarfélaganna í landinu. Tilgangur félagsins er að reka framsækið og öflugt upplýsinga- og skráningarkerfi fyrir bókasöfn á Íslandi. Rétt er að rifja upp að kerfið okkar heitir Aleph 500, og er í eigu ísraelska fyrirtækisins Ex Libris, en heitir svo Gegnir í okkar útgáfu. Þýðingarmiklir áfangar hafa náðst á þessum fyrstu árum. Rekstur kerfisins er hins vegar verkefni, sem tekur engan enda, enda bætast sífellt við nýjar kröfur til þjónustunnar auk þess sem stórstígar tækniframfarir leiða til áframhaldandi þróunar og breytinga á kerfinu. Þannig þarf stöðugt að veita bókasöfnunum fjölþættari og fullkomnari þjónustu.

Á árinu 2007 voru meginverkefni rekstursins þessi. Ráðist var í endurgerð þjónustusamninga, en samningarnir eru grundvöllur samstarfs félagsins og bókasafnanna. Leiðarljós endurskoðunarinnar var að samræma þjónustusamninga, sem höfðu verið gerðir á mismunandi forsendum. Þjónustusamningarnir eru nú allir

eins. Ein meginbreytingin er að þeir eru nú allir verðtryggðir. Samhliða þessu var gjaldskrá háskólasafna endurskoðuð. Endurskoðun þjónustusamninga og gjaldskrár, sem var veruleg vinna, er nú nánast lokið.

Sem liður í því að efla kerfið og bæta þjónustu við aðildarsöfn, hefur verið bryddað upp á nýjungum í kerfisrekstrinum. Þannig hefur verið reynt að einfalda skrásetjurum vinnu við skráningu með því að bjóða upp á möguleika á að leita að og/eða sækja bókfræðifærslur í önnur kerfi eða samskrár m.a. á grundvelli Z39.50 tengingar.

Með innleiðingu SFX Express tenglakerfisins, sem er hluti af kerfislausnum Ex Libris hefur leit að rafrænum greinum og tímaritum einnig verið einfölduð fyrir notendur bókasafna.

Leitast var við að efla notkun kerfisins með samstarfi við nokkur lykilbókasöfn Gegnis. Ávöxtur samstarfs við Landsbókasafn Ísland - Háskólabókasafn var meðal annars, að veittur var leitaradgangur að Gegni í Evrópubókasafninu (TEL - The European Library). Áhugavert framfaraskref var kaup Borgarbókasafns Reykjavíkur á sjálfsafgreiðsluvélum til útlána og skila, en vélarnar eru tengdar við Gegni og gera lánþegum safnsins kleift að afgreiða sig sjálfir. Almenningsbókasöfn á Akureyri, í Hafnarfirði og Kópavogi fylgdu fast í kjölfarið og fleiri söfn eru að bætast við á árinu 2008. Samvinna við bókasöfnin um tengingu sjálfsafgreiðsluvélanna við Gegni hefur gengið vel.

Gögn voru flutt í Gegni úr eldri bókasafnakerfum fyrir þrjú ný aðildarsöfn. Á sama tíma var gerð gagnayfirfærsla á tónlistarefni fyrir tvö núverandi aðildarsöfn, en sú yfirfærsla var nýmæli og allflókin. Ekki er stefnt að frekari gagnayfirfærslum með þessum hætti.

Viðhald bókasafnakerfisins fólst m.a. í uppsetningu þriggja þjónustupakka frá Ex Libris fyrir Aleph kerfið. Á milli nýrra útgáfna af kerfinu eru gefnir út svokallaðir

þjónustupakkar og innihalda þeir ýmsar kerfisviðbætur og leiðréttingar. Þróuð var aðferðafræði, sem einfaldar söfnunum uppfærslu á biðlara í kjölfar útgáfu þjónustupakka. Hýsingaraðili kerfisins, Nýherji, sá um venjubundin rekstrarverkefni vélbúnaðar og stýrikerfa, þar með talið afritatökur af gagnagrunnum og kerfum.

Vinna hófst við undirbúning innleiðingar útgáfu 18 af Aleph kerfinu, en gert er ráð fyrir gangsetningu hennar nú 11. júní. Jafnframt var hafin vinna við endurskoðun vefviðmóts kerfisins, gegnir.is. Nýja vefviðmótið verður tekið í notkun samhliða útgáfu 18.

Kennsla hefur verið og er enn mjög þýðingarmikill hluti af starfsemi félagsins. Hún var í stórum dráttum með hefðbundnum hætti, einkum á haustdögum bæði á höfuðborgarsvæðinu og úti á landi. Umfang og fjölbreytileiki kennslunnar eykst frá ári til árs. Mæta þarf þörfum annars vegna nýrra notenda og hins vegar reyndra kerfisnotenda. Í sumum tilfellum er um að ræða kennslu á mjög sértæka virkni kerfisins, sem aðeins fáir aðilar nota, en undirbúningur slíkrar kennslu getur verið umtalsverður.

Alefli, sem er félag notenda Gegnis, gætir hagsmuna notenda kerfisins. Samskipti við félagið voru góð á árinu. Meðal annars átti stjórn Landskerfis bókasafna samráðsfund með stjórn Aleflis þar sem farið var yfir núverandi verkefni Landskerfis bókasafna og þau sem eru framundan.

Skráningarráð starfar á vegum Landskerfis bókasafna, og setur verklagsreglur um bókfræðilega skráningu og hefur eftirlit með gæðum skráningar. Einnig starfar tímabundið á vegum Landskerfis bókasafna svokallað efnisorðaráð, sem hefur með höndum samræmda efnisorðaskráningu í Gegni. Félagið styrkti efnisorðaskráningu, sem er á vegum Landsbókasafns Ísland – Háskólabókasafns með fjárframlagi árið 2007 og mun gera slíkt hið sama í ár. Stefnt var að því að ljúka sem mestu af verkefninu fyrir árslok, en ljóst er nú að verkefnið er umfangsmeira en svo að það

takist. Öflug efnisorðaskrá er mjög þýðingarmikil fyrir notendur kerfisins og leggja þarf mikla áherslu á að ljúka þessu máli. Með sama hætti þarf að leggja áherslu á að ljúka nokkrum verkefnum, sem tengjast gæðastjórnun bókfræðigagnagrunnsins. Má þar nefna sérstaklega nafnmyndagrunn, virkjun vélrænna keyrslna osfrv.

Samstarf við framleiðanda kerfisins Ex Libris hefur eflst. Þess sá m.a. merki á árinu, er starfsmenn Ex Libris stóðu fyrir kynningum á nýjum kerfislausnum fyrirtækisins á Íslandi.

Í lok apríl þessa árs, voru rúmlega 883 þúsund titlar skráðir í Gegni, en tæplega 4,2 milljónir eintaka. Fyrir ári síðan námu titlar í kerfinu um 839 þúsundum á meðan eintakafjöldi var rúmlega 3,8 milljónir. Útlán í aprílmánuði voru tæp 295 þúsund á móti tæpum 240 þúsund fyrir ári síðan.

Hluthöfum í Landskerfi bókasafna hf fjölgaði um tvo á árinu og voru í árslok 2007 samtals 51. Hinir nýju hluthafar eru Dalabyggð og Sveitarfélagið Garður. Nam innborgun þeirra á hlutafé samtals kr. 1.150.260, en það var greitt inn á genginu tveimur. Tveir hluthafar eiga yfir 10% hlut í félaginu, íslenska ríkið, sem á 52.2% og Reykjavíkurborg, sem á 20.5% hlut. Það er menntamálaráðuneytið, sem fer á einni hendi með hlut ríkisins, en hver ríkisstofnun, sem er aðili að kerfinu tengist Landskerfi bókasafna með þjónustusamningi. Hvert sveitarfélag hinsvegar, sem er þátttakandi í hlutafélaginu, heldur um sinn hlut og stofnanir þeirra gera þjónustusamning við Landskerfið.

Á árinu 2007 námu rekstrartekjur 79.8 milljónum króna, en fjármagnstekjur 5,4 mkr. Heildartekjur voru því 85,2 mkr. Rekstrargjöld námu 72,3 mkr, og hagnaður því rétt tæpar 13 mkr. Árið áður voru heildartekjur 77,5 mkr. Aukning á heildartekjum milli ára varð því 7,7 mkr. eða 9,9%. Hækkunin er vegna aukins fjölda þjónustusamninga og hækkunar á fjármagnstekjum. Rekstrargjöld ársins 2007 námu 72,3 mkr., en voru árið áður 83,5 mkr. Lækkunin stafaði fyrst og fremst af lækkun

kostnaðar við hýsingu kerfisins eftir að útboð hafði farið fram. Afkoma ársins reyndist betri en áætlað hafði verið. Gert hafði verið ráð fyrir nær einnar mkr. hagnaði. Skýringin er fjölgun þjónustusamninga, eins og áður sagði og að fleiri verk voru leyst innanhúss, en gert hafði verið ráð fyrir í stað þess kaupa þau að. Á þessu ári er gert ráð fyrir að hagnaður verði um ein milljón króna. Eigið fé nam á árslok 96,9 mkr. Það hækkaði sem nam hagnaðinum og innborguðu hlutfé tveggja nýrra hluthafa.

Á árinu 2008 eru meginverkefnin þessi. Í fyrsta lagi að koma upp nýrri útgáfu Aleph kerfisins, útgáfu 18. Í öðru lagi að gangsetja nýja vefásjónu kerfisins, gegnir.is. Í þriðja lagi að sinna þýðingarmiklum gæðaverkefnum. Í fjórða lagi að efla kerfið með nýjum kerfisþáttum. Í fimmta lagi að opna heiminn með öflugri leit og innihaldsríkari upplýsingum og gagnvirkni.

Fyrstu tvö verkefnin, útgáfa 18 og ný vefásjóna líta dagsins ljós 11. júní næstkomandi. Ljóst er að eins og ávallt verður einhver vinna sem fylgir í kjölfarið við að laga hnökra. Gæðamálin líta m.a. að því að hraða gerð öflugrar efnisorðaskráar, auk þess að þróa aðferðir til að auðvelda eftirlit með gæðum bókfræðigagnagrunns og nafnmyndaskráar. Af nýjum kerfisþáttum má nefna endurbættan millisafnalánaþátt, sem Ex Libris hefur nú gert og einfaldar og auðveldar umsjón millisafnalána. Einnig má nefna innleiðingu eignaskráningarkerfis, sem auðveldar utanumhald um bókasafnseign hvers safns. Að lokum má telja námsbókasafnsþátt, sem í fyrstu er hugsaður fyrir Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn, en í því felst að sýnt er á vefnum hvar það námsefni er að finna sem háskólakennarar ætla nemendum sínum til yfirferðar. Að lokum má nefna þýðingarmikið verkefni, sem lítur að frekari úrvinnslu á tölfraði úr Gegni. Fyrsta skrefið var stigið á árinu 2007, er gert var átak í að birta svokallaða árslokátölfraði bókasafna á vef félagsins strax í upphafi janúar 2008. Í samvinnu við Landsbókasafn Ísland - Háskólabókasafn, sem hefur nýlega verið falið að sjá um tölfraði bókasafna fyrir menntamálaráðuneytið, þarf að skilgreina hvaða

talnegögnum skal safnað. Næsta skref er að þróa leiðir til þess að vinna úr talnegögnum og gera þau aðgengilegri. Loks má geta þess, að með Lögum um bókmenntasjóð og fleira, nr. 91/2007, var félaginu falið það hlutverk að útbúa yfirlit fyrir bókmenntasjóðinn um útlán bóka í tengslum við ákvörðun um greiðslur úr sjóðinum.

Stjórn og framkvæmdastjóri hefur í vaxandi mæli lagt áherslu á að skoða hvaða þróun er að eiga sér stað á markaði kerfislausna fyrir bókasöfn. Vaxandi kröfur eru um öflugri leitarvél, sjálfsafgreiðslu af ýmsu tagi og að hægt sé að senda notendum upplýsingar án þess að um sé spurt hverju sinni, svonefnda árveknipjónustu. Ljóst er, að stærsta áskorun Landskerfis bókasafna, í náinni framtíð felst í að svara þessu ákalli notenda og stjórnvalda. Notendahópur bókasafna verður sífellt meira sjálfbjarga á netinu og gerir vaxandi kröfur um, að þjónusta bókasafna taki mið af þessu. Leiðarljós stefnu ríkisstjórnar Íslands um upplýsingasamfélagið 2008 – 2012 tekur mið af þessum breytingum og setur þar þjónustu, skilvirkni og framþróun í forsæti. Ljóst er einnig, að söfn munu í vaxandi mæli hafa áhuga á nýjum víddum sem felst í því að bjóða ekki einungis upp á skrá um bækur, heldur líka umfjöllun um efni þeirra og umhverfi.

Geta má þess í þessu sambandi, að Ex Libris gætu þróað nýtt bókasafnakerfi á grunni núverandi kerfa á næstu þremur til fimm árum. Aleph kerfið gæti þannig verið að renna skeið sitt á enda. Félagið gæti staðið andspænis því að geta valið á milli kerfa frá ólíkum framleiðendum í framtíðinni.

Stjórnin ákvað sem fyrsta skref við að rýna frekar inní framtíðina að leita til erlends ráðgjafa sér til stuðnings. Var ákveðið að gera úttekt á því hver væru verkefni Landskerfisins nú, í samanburði við það sem hliðstæðir aðilar eru að gera í helstu nágrannalöndum okkar. Sérstaklega var hugað að því að skapa hugmyndir um öfluga leitarvél sem hentaði til notkunar hér á landi. Sem stendur er verið að vinna úr

upphafsskýrslu þessa sérfræðings. Landsbókasafn Ísland - Háskólabókasafn og Borgarbókasafn Reykjavíkur tóku þátt í þessu verkefni með félaginu og greiddu hluta af kostnaði vegna þess.

Góðir fundarmenn!

Á síðasta aðalfundi gekk Sigrún Klara Hannesdóttir, fyrrverandi landsbókavörður úr stjórn en í staðinn kom Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir, núverandi landsbókavörður. Á árinu lét Harpa Rós Jónsdóttir, kerfisbókavörður, af störfum, en stað hennar var ráðinn Óttar Rafn Ellingsen, tölvunarfræðingur, sem er vefstjóri. Starfsmenn félagsins eru samtals fimm talsins.

Ég vil þakka hluthöfum fyrir samstarf og stuðning. Ég vil þakka starfsmönnum fyrirtækisins fyrir drjúgt starf, og sömuleiðis þeim mörgu samstarfsmönnum, sem á söfnum vinna. Ég færi Alefli þakkir fyrir samstarfið. Loks vil ég þakka samstjórnarmönnum mínum uppbyggilegt og skemmtilegt samstarf á þeim 12 stjórnarfundum sem við höldum, svo og utan þeirra.

Takk fyrir.